


Tengja Google Calendar við Noona HQ


Síðast uppfært 26/06/2026 11:20 am BST

Til þess að tengja Noona HQ dagatalið þitt við Google Calendar þá byrjar þú á því að fara í **Valmyndina**, þrjú stírkinn uppi í vinstra horninu, -> **Stillingar** -> **Viðbætur**.

Þar smellir þú á "**Tengja dagatal**" undir Google Calendar.




Við það ætti gluggi að opnast þar sem hægt er að skrá sig inn á Google aðganginn sinn.



Þegar að netfangið hefur verið valið koma upp þrír valmöguleikar um hvaða upplýsingar á að tengja:


1. Tímabókanir í Noona HQ birtast í Google Calendar
2. Frítímar í Noona HQ birtast í Google Calendar
3. Viðburðir í Google Calendar birtast sem frítímar í Noona HQ

Þegar að þú hefur ákveðið hvaða upplýsingar þú vilt tengja á milli er einfaldlega smelt á Staðfesta og þá er allt klárt [?](#)




! Mikilvægt er að skrá sig inn á Noona HQ með sínu **eigin netfangi** til þess að tengja sitt dagatal (þ.e. ekki vera skráður inn t.d. með sameiginlegu netfangi stofunnar).

i Gott er að hafa í huga að til þess að tímar frá Noona HQ dagatalinu fari yfir í Google calendar þarf haka í "Noona" undir "My calendars" sem er staðsett vinstra megin í Google calendar :)



i Sama á við þegar viðburður er stofnaður í Google Calendar og þú vilt að hann fari yfir í Noona HQ, þá þarftu að velja Noona dagatalið inni í viðburðinum sjálfum.



Eins og alltaf, ef þú ert með einhverjar spurningar ekki hika við að hafa samband við okkur í gegnum spjallbúbbbluna

